

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á 654. fundi sínum 29. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hrafnagilshverfi. Í breytingunni felst að auka sveigjanleika á útfærslu íbúða fyrir eldri íbúa. Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir að íbúðirnar verði í viðbyggingu við skólatröð 9-11 en eftir breytingu verði að auki heimilt að útfæra bygginguna sem sjálfstæða einingu. Þá verði heimilt að reisa tengibyggingu eða yfirbyggðan gangstíg milli bygginganna verði það raunin. Áfram verði gert ráð fyrir allt að tólf íbúðum á þremur hæðum með aðkomu frá Hólmatröð (götu E) og einu bílastæði pr. íbúð.

Ofangreind tillaga hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 16. desember 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 6. janúar 2026